

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í Hverfisfljóti sunnan við Hnútu, Vestur - Skaftafellssýslu **Viðbót**

Reykjavík, 26. október 2017.

Vegna breytinga á fyrirhugaðri virkjun í Hverfisfljóti, sunnan við Hnútu í landi Dalshöfða í V-Skaftafellssýslu kannaði undirritaður nýtt svæði austur af fyrri hugmyndum um staðsetningu mannvirkja á svæðinu (sjá mynd 1). Ennig var áður skráð rétt (fornleifar nr. 18) mæld inn að nýju samkvæmt núgildandi stöðlum. Verkbeiðandi var Ragnar Jónsson bóndi á Dalshöfða.

Vettvangsvinna fór fram þann 24. október síðastliðinn. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð á vettvangi og hvergi sást til fornleifa vestan megin Hverfisfljótsins. Engar nýjar fornleifar fundust. Svæðið sem var kannað náði að ármótum ármótum Hverfisfljóts og Eiríksár (sjá **X** á loftmynd).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
18:1	Rétt	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3,5)	Lítið (3,5)	Nei	Engar

Fornleifar nr. 18 sem skráðar voru í tengslum við fyrri könnun á svæðinu. Matið miðast við þá hættu sem framkvæmdirnar kunna að hafa á fornleifarnar. Að öðru leiti er fornleifunum hættu búin af hruni úr hraunkanntinum við ána (sjá meðfylgjandi fornleifaskrá).

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.



Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu mannvirkja vegna hinnar fyrirhuguðu Hverfisfljótsvirkjunar. Rauði punturinn og X sýna nyrsta svæðið sem skadað var. (Lofmynd Mannvit. Viðbætur Fornleifafræðistofan).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til edlis þeirra og

þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða framkvæmdasvæðis, en austan Hverfisfljóts varð vart við fornleifar (garður og rúst) sem ekki voru kannaðar frekar.

Réttin er talin hafa lítið minja- og varðveislugildi. Ekki er talin ástæða til sérstakra mótvægisáðgerða annarra en að varast að raska réttinni. Sé það ekki hægt þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Dr. Bjarni F. Einarsson,
fornleifafræðingur.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í Hverfisfljóti sunnan við Hnútu, Vestur-Skaftafellssýslu*. Fornleifafræðistofan. 2008 [2007].

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Örnefnaskrá. Dalshöfði. Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

18

Sýsla
Vestur-Skaftafellssýsla
Landareign
Dalshöfði

Sveitarfélag
Skaftárhreppur
Nr

Táknatala
8509
Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.02.2007	E 553832 N 3833103	Ísnet 93	-	4

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi					
Rétt		1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Landeyðing	Falsverð	Sæmilegt	1550-1900				
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3,5	Lítið	3,5	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Á gljúfurbökkum Hverfisfljóts, vestan megin. Um 20 m A af fjárgötum.

Heimildir og munnmæli

Munnleg heimild Ragnar Jónsson á Dalshöfða.

Lýsing

Rétt.

4 x 8 m (NNV - SSA). Veggir úr grjóti, 0,4 - 0,8 m breiðir og 0,3 - 1 m háir. Dyr eru syðst á austurvegg og snúa því mót A.

Í framhaldi af suðurgaflinum gegnur veggurinn alveg fram á brún gljúfursins.

Vestur veggurinn er í aðalatriðum lágur hamraveggur með einstaka hleðslugrjóti.

Botn réttarinnar er vel gróin grasi.

Hugsanlega er réttin hlaðin af Þórólfi Jónssyni á Dal um 1900.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Fyrirhugað er að leggja veg skammt hjá. Gæta þarf þess að raska ekki þessum minjum.